

## *Innviðaráðuneytið*

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**  
Sendandi: **Innviðaráðuneytið**  
Dagsetning: **25.05.2023**  
Málsnúmer: **IRN22010160**  
Bréfalykill: **2.21.12**  
Tilgangur:  Til ákvörðunar  Til upplýsingar  
 Til undirritunar  Skv. beiðni ráðherra

Efni: Rökstutt álit ESA um samkomulag vegna öryggisrannsókna í flugi

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir upplýsingum um rökstutt álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) er varðar rannsóknir flugslysa. Innviðaráðuneytið hefur því tekið saman minnisblað þetta með helstu upplýsingum um málið, þ.á.m. forsögu og fyrirhuguð viðbrögð stjórnvalda, eins og óskað var eftir.

Vegna málsins barst íslenska ríkinu fyrst bréf frá ESA þann 19. desember 2018. Í bréfinu var óskað upplýsinga um níu atriði tengd innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu tilskipunar 94/56/EB (reglugerðin), sem höfðu vakið upp spurningar við hefðbundið eftirlit með innleiðingu ríkja á Evrópuregluverki. Með bréfi, dags. 28. janúar 2020, veittu íslensk stjórnvöld umbeðnar upplýsingar og í framhaldinu óskaði ESA svo eftir frekari upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum þann 20. ágúst 2020. Laut sú beiðni að þremur af þeim níu atriðum sem fyrsta upplýsingabeiddin sneri að og með bréfi, dags. 12. október 2020, voru upplýsingarnar veittar. Íslenskum stjórnvöldum barst síðar formlegt áminningarbréf (e. letter of formal notice) frá ESA, dags. 4. maí 2022, vegna tveggja atriða og var því svarað þann 7. júlí sl. Þá gaf ESA út rökstutt álit, dags. 10. maí sl., um eitt þeirra atriða sem stofnunin hafði upphaflega óskað upplýsinga um. Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar lítur að þessu álit.

Um fjöllumarefni álitsins er 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi, nr. 1248/2014. Kveður ákvæðið á um skyldu ríkis til að tryggja að til staðar sé fyrirframákveðið fyrirkomulag um samstarf yfirvalds öryggisrannsókna í flugi annars vegar og hins vegar annarra yfirvalda sem eru líkleg til að koma að slíkri rannsókn. Er hugtakið "öryggisrannsókn" í þessu samhengi þá notað um rannsókn sem hefur þann tilgang að koma í veg fyrir slysum og flugatvik, en ekki um rannsókn í þeim tilgangi að ákvarða sök eða ábyrgð. Rannsóknarnefnd samgönguslysa er íslenskt yfirvald öryggisrannsókna í flugi og laut skoðun ESA þ.a.l. að því hvort rannsóknarnefndin hefði gert samkomulag um samstarf um öryggisrannsókn í flugi við önnur yfirvöld sem líklegt er að komi að þeim hér á landi. Þar sem skriflegt samkomulag um öryggisrannsókn hefur hins vegar ekki verið gert var niðurstaða hins rökstudda álits að íslenska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar, og gert að bregðast við með fullnægjandi hætti innan tveggja mánaða.

Um nokkurt skeið hefur rannsóknarnefnd samgönguslysa, í samstarfi við ráðuneytið, unnið að gerð skriflegs samkomulags í samræmi við athugasemdir ESA. Við gerð samkomulagsins hefur einnig verið horft til þess skilnings eða samkomulags sem nú þegar ríkir milli aðila um samstarf við

öryggisrannsóknir. Í því sambandi skal bent á að með bréfi stjórnvalda, dags. 28. janúar 2020, var ESA upplýst um að til staðar væri samkomulag um samstarf við öryggisrannsóknir þessar þó slíkt væri ekki með skriflegum hætti. Vinna ráðuneytisins og rannsóknarnefndarinnar við gerð samkomulagsins hefur nú verið sett í forgang og er áætlað að þeirri vinnu muni ljúka í næsta mánuði. Að henni lokinni standa vonir til þess að ESA muni loka málinu.